

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Umhverfisráðuneytið
Danfríður K. Skarphéðinsdóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. desember 2011
2011120005/42-8
TB
jgo/tb

Umsögn um leyfi til rannsókna á hveraörverum


Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 12. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Kaupmannahafnarháskóla um leyfi til að taka sýni af örverum á nokkrum hverasvæðum. Í erindinu kemur fram að eingöngu á að nota sýnin til rannsókna og kennslu en þau verða ekki notuð viðskipta- eða verslunartilgangi. Komi til þess verður sótt sérstaklega um það.

Náttúrufræðistofnun Ísland hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að framangreint leyfi verði veitt í þeim tilgangi sem sótt er um.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að skv. 34. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu hefur Náttúrufræðistofnun Íslands eftirlit með rannsókn og nýtingu örvera. Í reglum gefnum út af iðnaðarráðuneytinu 6. apríl 1999, sjá *Stjórnartíðindi B 30, nr. 217-234. Útgáfudagur 9. apríl 1999.* og

<http://www.idnadarraduneyti.is/log-og-reglugerdir/OrkumalOgNattura/nr/719>, er fjallað nánar um hlutverk Náttúrufræðistofnunar í greinum 8, 9, 10, 11 og 14. Þar kemur m.a. fram A) að um flutning sýna og/eða ræktana úr landi gildir eftir því sem við á ákvæði 4. mgr. 15. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 169/1998, B) að þeir sem fengið hafa leyfi til rannsókna eða nýtingar örvera á jarðhitasvæðum skulu veita stofnuninni allar upplýsingar um sýnatökur og niðurstöður rannsókna á örverum sem safnað hefur verið á jarðhitasvæðum, C) að leyfishafi skal eigi sjaldnar en árlega senda Náttúrufræðistofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um ofangreinda þætti, D) að við lok leyfistíma eða við lok rannsóknar, ef þau eru fyrr, skal leyfishafi senda Náttúrufræðistofnun skýrslu um niðurstöður sínar og úrdrátt til iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis, E) að upplýsingar og rannsóknarniðurstöður sem afhentar eru Náttúrufræðistofnun Íslands eða öðrum opinberum aðilum skulu bundnar trúnaði í tvö ár umfram gildistíma rannsóknarleyfis.....Eftir að trúnaðarskylda er fallin niður er Náttúrufræðistofnun heimilt að láta öðrum í té umrædd gögn, F) að komi til afturköllunar leyfis skal leyfishafi skila sýnum og rannsóknargögnum til Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að umhverfisráðuneytið bendi á hlutverk stofnunarinnar,



í umsögn sinni til iðnaðarráðuneytisins, þar sem að fyrri reynsla sýnir að ekki hefur verið farið eftir framangreindum reglum.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson

forstjóri

Trausti Baldursson

Trausti Baldursson

